


STARFSÁÆTLUN

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN KÚLAN

(KÓRASKÓLA)

2024-2025



KÚLAN

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	4
Opnunartímar Kúlunnar.	4
Félagsmiðstöðvadaatal 2024-2025	4
Starfið í vetur	5
Áherslur í starfi	5
Valáfangar	5
Samstarf við skólann	6
Kúlukids.....	6
Viðburðir í vetur.....	6
Sameiginlegir viðburðir FÉLKÓ	7
Viðburðir í samstarfi við Kóraskóla	7
Viðburðir Samfés	8
FÉLKÓ miðstöðin	9
Hinsegin FÉLKÓ	9
Velkomin FÉLKÓ	9
Hópastarf	10
Klúbbastarf.....	10
Opið starf	10
Sértækt Hópastarf.....	10
Sumaropnun Kúlunnar.....	10
Unglingaráð	11
Nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla	11
Félkóraráð	11
Ungmennaráð Kópavogs	11
Ungmennaráð Samfés	12
Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar.....	12
Samstarf við foreldra.....	13
Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir	13
Neyðaráætlun	13
Móttaka nýrra starfsmanna	13
Öryggisgátlisti	13

Gátlistar í sértæku hópastarfi	13
Handbók um starfið	14
Rýmingaráætlun	14
Ytra og innra mat	14
Ytra mat.....	14
Niðurstöður viðhorfskannana	14
Innra mat.....	15
Umbótaáætlun.....	16
Símenntunaráætlun	17
Fjöldatölur	18
Starfsfólk Kúlunnar 2024-2025	18

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Kúlan þjónustar börn og unglinga í Kórahverfi í Kópavogi. Kúlan þjónustar 8.-10. bekk í Kóraskóla og 5.-7. bekk í Hörðuvallaskóla. Félagsmiðstöðin sjálf er staðsett á neðri hæð Kóraskóla að Vallarkór 12-14. Kúlan er með skrifstofu/tómstundaráými og hefur svo aðgang að skólanum sjálfum en starfsemin fer að mestu leyti fram á neðri hæðinni. Fjöldi skráðra nemenda í 5.-7. bekk eru 234 og fjöldi skráðra nemenda í 8.-10. bekk eru 271. Kúlan þjónustar því samtals 505 börn og unglinga. Forstöðumaður Kúlunnar er Sindri Ágústsson og aðstoðarforstöðukona er Ólöf Helga Hilmarsdóttir. Síminn í Kúlunni er 696-1631/441-4417 og netfang forstöðumanns er sindrima@kopavogur.is.

Opnunartímar Kúlunnar.

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 - 18:30 og 19:30 - 22:00 og annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni.

Félagsmiðstöðvadaatal 2024-2025

Samband íslenskra sveitarfélaga

Félagsmiðstöðvadaatal 2024 - 2025

Nafn skóla:

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 D	1 F	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 D	1 F	1 S
2 F	2 M	2 M	2 L	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M
3 L	3 D	3 F	3 F	3 S	3 D	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 D
4 S	4 M	4 M	4 L	4 L	4 M	4 L	4 D	4 D	4 F	4 S	4 M
5 M	5 F	5 F	5 L	5 D	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
6 D	6 F	6 S	6 L	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 S	6 D	6 D
7 M	7 L	7 M	7 M	7 F	7 L	7 D	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F	8 S	8 D	8 D	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 D	8 F	8 S
9 F	9 M	9 M	9 L	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M
10 L	10 D	10 F	10 F	10 S	10 D	10 F	10 M	10 M	10 D	10 F	10 D
11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 L	11 D	11 F	11 F	11 M	11 S	11 M
12 M	12 D	12 F	12 F	12 S	12 D	12 F	12 M	12 M	12 D	12 F	12 D
13 D	13 M	13 M	13 L	13 M	13 L	13 D	13 F	13 F	13 M	13 S	13 M
14 M	14 F	14 F	14 L	14 M	14 L	14 D	14 F	14 F	14 M	14 S	14 M
15 F	15 S	15 D	15 D	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 D	15 F	15 S
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 L	16 D	16 F	16 F	16 M	16 S	16 M
17 L	17 D	17 F	17 F	17 S	17 D	17 F	17 M	17 M	17 D	17 F	17 D
18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 L	18 D	18 F	18 F	18 M	18 S	18 M
19 M	19 F	19 F	19 L	19 M	19 L	19 D	19 F	19 F	19 M	19 S	19 M
20 D	20 M	20 M	20 L	20 M	20 L	20 D	20 F	20 F	20 M	20 S	20 M
21 M	21 F	21 F	21 L	21 M	21 L	21 D	21 F	21 F	21 M	21 S	21 M
22 F	22 S	22 D	22 D	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 D	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 L	23 D	23 F	23 F	23 M	23 S	23 M
24 L	24 D	24 F	24 F	24 S	24 D	24 F	24 M	24 M	24 D	24 F	24 D
25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 L	25 D	25 F	25 F	25 M	25 S	25 M
26 M	26 F	26 F	26 L	26 M	26 L	26 D	26 F	26 F	26 M	26 S	26 M
27 D	27 M	27 M	27 L	27 M	27 L	27 D	27 F	27 F	27 M	27 S	27 M
28 M	28 F	28 F	28 L	28 M	28 L	28 D	28 F	28 F	28 M	28 S	28 M
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 L	29 D	29 F	29 F	29 M	29 S	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 L	30 D	30 F	30 F	30 M	30 S	30 M
31 L			31 F		31 D	31 F		31 M		31 L	

Starfið í vetur

Allir unglingar í 8.-10. bekk í Kóraskóla eru velkomin á opnanir og viðburði í Kúlunni sem og aðrir unglingar sem eiga leið hjá eða vilja kíkja í heimsókn. Það hefur aukist mikið síðustu ár að unglingar eru að kíkja í heimsókn í aðrar félagsmiðstöðvar en sína heimastöð. Nánast allir viðburðir í Kúlunni eru opnir öllum en sumir viðburðir krefjast skráningar líkt og ferðir eða aðrir stærri viðburðir. Miðstigsstarfið í Kúlunni verður alla miðvikudaga á milli 17-18:30 en líkt og í fyrra verða opnanirnar árgangsskiptar vegna þess hve stórir árgangarnir eru.

Áherslur í starfi

Líkt og í fyrra ætlum við að halda áfram að byggja Kúluna upp sem vænlegan kost í tómstundaiðkun unglunga í Kórahverfinu. Stjórnendateymið í Kúlunni er á sínu öðru ári og finnum við fyrir því að unglingarnir eru farin að þekkja og treysta okkur betur. Við erum að fá inn sterkan 8. bekk en 9. og 10. bekkurinn er ennþá smá áskorun sem við stefnum á að vinna í að ná betur inn í Kúluna í samstarfi við Kóraskóla.

Við líkt og aðrir á vettvanginum erum meðvituð um umræðuna í þjóðfélaginu varðandi ofbeldis- og áhættuhegðun unglunga og ætlum við að vinna með það bæði í opnu starfi sem og fá inn fræðslur tengdar málefninu og þá mögulega á skólatíma til þess að ná til sem flestra.

Þar sem að starfið í Kúlunni er komið í fastar skorður með aukinni reynslu stjórnendateymis Kúlunnar langar okkur að vinna meira með sértækt hópastarf en við gerðum í fyrra.

Sambandið á milli Kúlunnar og Kóraskóla er gott og í samstarfi við skólann ætlum við að fá til okkar nemendur, bæði hópa og einstaklinga í sértækt starf sem við aðlögum að þeirra þörfum.

Valáfangar

Kúlan kemur ekki að neinum valáföngum á haustönn í ár en á vorönn sér starfsfólk Kúlunnar um árbókarval og árshátíðarval fyrir 10. bekk á vorönn.

Samstarf við skólann

Starfsmenn Kúlunnar eiga í mjög góðu samstarfi við stjórnendur og kennara í Kóraskóla. Félagsmiðstöðin sér um nemendaráðið sem er sameiginlegt nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla. Engir formlegir fundir eru hjá forstöðumanni Kúlunnar og stjórnenda Kóraskóla en samtalið þar á milli er engu síður mjög virkt og báðir aðilar duglegir að leita til hvors annars og upplýsa ef eitthvað er í gangi. Forstöðumaður Kúlunnar situr fundi nemendaverndarráðs í Kóra- og Hörðuvallaskóla aðra hverja viku ásamt stjórnendum, skólasálfræðingi og skólahjúkrunarfræðingi. Einnig mun Kúlan eiga í samstarfi við Hörðuvallaskóla varðandi miðstigsstarfið og aðstoðarforstöðukona Kúlunnar situr nemendaráðsfundi í Hörðuvallaskóla.

Kúlukids

Miðstigsstarfið í Kúlunni er kallað Kúlukids og er í boði fyrir krakka í 5.-7. bekk í Hörðuvallaskóla. Á þessu skólaári verður Kúlukids alla miðvikudaga á milli 17:00 og 18:30. Eins og áður kom fram eru árgangarnir mjög stórir og ætlum við því að hafa árgangaskipt á allar opnanir. 5. og 6. bekkur einu sinni í mánuði og 7. bekkur tvisvar. Miðstigsopnanirnar verða bæði í Kúlunni og í Hörðuvallaskóla. Þegar líða fer á skólaárið setjum við svo meiri áherslu á 7. bekkinn til þess að undirbúa þau fyrir haustið í Kúlunni. Á dagskrá miðstigsstarfsins eru svipaðir viðburðir og fyrir unglingana en þar má til dæmis nefna útileiki, Fifa mót, skartgripagerð og brjóstsýkursgerð.

Viðburðir í vetur

Í vetur stefnum við á að hafa okkar viðburði fjölbreytta og skemmtilega. Viðburðir eða dagskrárliðir eru bæði ákveðnir af starfsfólki, unglingum og nemendaráði. Dæmi um viðburði sem verða í vetur eru vinabandagerð, hinseginkvöld, ískvöld, tie dye, árgangakvöld, keppnir í allskonar og ferðir hingað og þangað. Dagskráin er svo hengd upp í Kúlunni, deilt á Instagram og send í pósti til foreldra.

Hér má sjá dæmi um hvað var að gerast í september í Kúlunni:

SEPTEMBER		2024		
MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
2 17:00-18:30  Íslenskt sjónvarp 19:30-22:00 8. Bekkjarkvöld	3 10:00-15:00 OPIÐ	4 17:00-18:30 7. Bekkur  19:30-22:00 Pógó og fóbó	5 10:00-14:30 OPIÐ	6 LOKAÐ
9 17:00-18:30 Guessary  19:30-22:00 Hjartsláttur	10 10:00-15:00 OPIÐ	11 17:00-18:30 6. Bekkur 19:30-22:00 Opíð hús	12 LOKAÐ	13 19:00-22:45 Pílumót 
16 17:00-18:30 Núðlur og nöldur  19:30-22:00 Staff vs unglingar	17 10:00-15:00 OPIÐ	18 17:00-18:30 5. Bekkur  19:30-22:00 NammiSmakk	19 10:00-14:30 OPIÐ	20 LOKAÐ
23 17:00-18:30 Lokað  19:30-22:00 ÍTK Pepp	24 10:00-15:00 OPIÐ	25 17:00-18:30 ÍTK 19:30-22:00 ÍTK	26 10:00-14:30 OPIÐ	27 ÍTK BALL 20:00-22:45 
30 17:00-18:30 Spilaklúbbur  19:30-22:00 Water Pong	1 2 3 4 VELKOMIN AFTUR!			

Sameiginlegir viðburðir FÉLKÓ

Félagsmiðstöðvar Kópavogs halda marga sameiginlega viðburði saman yfir skólaárið undir nafninu FÉLKÓ. Þar má t.d. nefna íþróttavíkuna, skíðaferð, GETKÓ, söngkeppni og böll. Einnig vinna félagsmiðstöðvarnar saman að útileitarstarfi þar sem starfsfólk er á bíl og skannar bæinn og nærliggjandi sveitarfélög og passar að allt sé í góðu lagi.

Viðburðir í samstarfi við Kóraskóla

Á plani eru tveir viðburðir sem Kúlan vinnur í samstarfi við Kóraskóla. Það eru jólaskemmtun í desember og árshátíð í apríl.

Viðburðir Samfés

Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva & ungmennahúsa, heldur úti viðburðum á landsvísu

Hér má sjá dagskrá Samfés þetta starfsár:

DAGSKRÁ SAMFÉS 2024 - 2025



SEPT24

11. - 12. SEPT.
Starfsdagar Samfés

OKT24

4. - 6. OKT.
Landsmót Samfés

14. - 18. OKT.
Félagsmiðstöðva og ungmennahúsa vikan

NÓV24

1. - 3. NÓV.
Rafíþróttamót Samfés og Elko

22. NÓV.
Rímnaflæði

JAN25

10. JAN.
Samfés-con

31. JAN.
Danskeppni Samfés

FEB25

14. - 15. FEB.
Landsþing Samfés+

MARS25

1. MARS
Stíll hönnunarkeppni

14. - 15. MARS
Rafíþróttamót Samfés og Elko

APRÍL25

1. APRÍL
Undankeppnum söngkeppni Samfés lýkur

2. APRÍL
Skráning í söngkeppni Samfés hefst

10. - 11. APRÍL
Aðalfundur Samfés

MAÍ25

2. - 3. MAÍ eða 9.-10.maí
SamFestingurinn



FÉLKÓ miðstöðin

FÉLKÓ miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. FÉLKÓ miðstöðin býður upp á margskonar aðstöðu sem hentar bæði hópum og einstaklingum að koma í með starfsfólki félagsmiðstöðvanna. Hinsegin félagsmiðstöðin er til dæmis með fasta viðveru í FÉLKÓ -miðstöðinni sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Unnið er að koma á Velkomin opnanir, þar sem tekið er sérstaklega á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku. Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í **Velkomin** fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi. Í FÉLKÓ miðstöðinni má m.a. finna rafíþróttaver, listasmiðju þar sem má finna saumavélar, þrívíddaprentara, þrjóna- og föndurvörur, og annað efni til listsköpunar. Í sama rými er einnig aðgengilegt borð- og hlutverkspila búnaður. Félagsmiðstöðvarnar og aðrar stofnanir frístundadeildar geta allar skráð sig í viðeigandi aðstöðu. Frá og með áramótum þegar FÉLKÓ -miðstöðin fór af stað hefur þetta gengið vonum framar, en unglingar úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs hafa komið og nýtt sér aðstöðuna sem og hefur aðstaðan sömuleiðis nýst Höfuð-Borginni sem er með aðstöðu í sama húsnæði og er þjónusta ætluð ungu fólki 16-20 ára með fötlun.

Hinsegin FÉLKÓ

Í Kúlunni erum við að vinna í því að gera hinseginleikann sýnilegri hjá okkur og værum mikið til í að bjóða upp á hinseginklúbb hjá okkur. Við erum hinsvegar ennþá að læra inn á unglingahópinn og eigum eftir að bjóða okkar hinsegin krökkum upp á ferð í Hinsegin FÉLKÓ í vetur.

Velkomin FÉLKÓ

Við erum í samvinnu við Kóraskóla með ÍSAT nemendurna hér og eigum eftir að nýta okkur Velkomin FÉLKÓ með þeim í vetur. Í fyrra var einn nemandi úr Kóraskóla sem nýtti sér Velkomin opnanirnar að staðaldri en við stefnum á að fara með fleiri í ár.

Hópastarf

Klúbbastarf

Í Kúlunni í fyrra náði enginn klúbbur almennilegu flugi. Unglingarnir virðast þekkja lítið til klúbbastarfs og ætlum við að halda áfram að reyna að breyta því. Til þess að halda úti öflugum klúbbastarfi þarf að finna styrkleika/áhugasvið starfsfólks og vinna út frá því í tengslum við áhugasvið unglinganna.. Til þess að kynna klúbbaþyrirkomulagið fyrir unglingunum setur starfsfólkið klúbba reglulega á dagskránnu en við erum alltaf að leita að hugmyndum frá unglingunum sjálfum að klúbbum sem rúlla allt skólaárið. Í ár er þó kominn í gang einn klúbbur, skartgripagerðaklúbbur, sem hefur vakið mikla lukku.

Opið starf

Opið starf felur í sér margskonar frístundastarf sem standa öllum unglingum til boða. Unglingar geta komið og nýtt aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar á opnunartíma hennar. Undir opna starfið fellur einnig formleg og óformleg fræðsla, viðburðir og styttri og lengri ferðir.

Sértækt Hópastarf

Sértækt hópastarf gefur unglingum möguleika á að vinna saman í minni hópum að áhugatengdum verkefnum með aðstoð starfsmanns. Hópar geta einnig verið árgangahópar eða stelpu- og strákahópar þar sem dagskráin er fjölbreyttari og ekki miðuð við afmörkuð viðfangsefni. Í hópastarfi skapast persónulegri tengsl og tækifæri gefast fyrir beina og óbeina fræðslu ásamt umfjöllun um ýmis unglingatengd málefni. sértækt hópastarf er í grunnin hópastarf en þar eru unnið með eitthvað sértækt markmið, líkt og að efla unglingana félagslega og væri þá markhópurinn einna helst félagslega einangraðir unglingar. Í vetur stefnum við á að vinna með nokkra hópa sem og einstaklinga sem haldast illa inni í venjulegum kennslustundum.

Sumaropnun Kúlunnar

Á sumrin eru almennar opnanir í bland sértækt hópastarf og smíðjur fyrir krakka 10-13 ára. Á sumrin fær svo 7. bekkur að mæta á opnanir á kvöldin til þess að undirbúa sig fyrir haustið þegar þau koma inn sem nýr 8. bekkur. Síðastliðið sumar var hjá okkur hópur af stelpum í 9. bekk í hópastarfi þar sem unnið var með sjálfstyrkingu og jákvæð samskipti. Þær bjuggu einnig til fræðsluefni um Kúluna og máluðu stigann okkar í regnbogalítnum.

Á næsta stefnum við á að halda svipuðu sniði, sértækt hópastarf í bland við smiðjur fyrir miðstig og einnig erum við með hugmyndir um að þróa eitthvað starf í anda skapandi sumarstarfa, sem væri þá viðbót við starfið okkar. Stefnum á að útfæra það betur þegar starfsmannamál næsta sumars verða komin á hreint.

Unglingaráð

Nemenda- og unglingaráð er ein af leiðunum sem við notum til þess að vinna með lýðræði í félagsmiðstöðvastarfi. Í okkar starfi erum við að vinna með fjögur ráð, nemendaráð innanhús, FÉLKÓ ráðið, ungmennaráð Kópavogs og ungmennaráð Samfés.

Nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla

Hjá okkur er eitt sameiginlegt nemendaráð Kúlunnar og Kóraskóla. Starfsmenn Kúlunnar sjá þó að mestu leyti um ráðið en þó með aðkomu kennara og skólastjórnenda í Kóraskóla. Nemendaráðið er lýðræðislega kosið og kýs hver árgangur sinn fulltrúa en frambjóðendur þurfa að halda stutta tölu fyrir framan sinn árgang áður en kosið er. Ráðið kýs sér svo formann og varaformann sem sitja svo í skólaráði ásamt því að tveir fulltrúar fara í FÉLKÓ ráðið. Hlutverk nemendaráðins er að vera tengiliðir nemendur við félagsmiðstöð og skólann. Ráðið kemur að skipulagningu starfsins í félagsmiðstöðinni og er skólastjórnendum innan handar í ákvörðunum sem varða nemendahópinn. Þeir sem sitja í nemendaráði eru fyrirmyndir fyrir aðra nemendur og brot á reglum félagsmiðstöðvarinnar eða skólans geta haft þær afleiðingar að viðkomandi þurfi að víkja úr nemendaráði.

Félkóraráð

Í Félkóráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og

leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísu til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja vibðurði á vegum Samfés.

Aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar

Þau verkefni sem unnin verða á árinu 2025 tengjast áframhaldandi þróun Félkó miðstöðvar og að auka samstarf og samfellu milli frístunda og félagsmiðstöðva.

Virk þátttaka í frístundum og íþróttastarfi þroskar félagshæfni og vinnur gegn félagslegri einangrun. Áhersla er á að allir geti tekið þátt óháð aldri, áhugasviði og getu og fái tækifæri til að nýta styrkleika sína. Tækifæri ólíkra samfélagshópa til þátttöku sé sömuleiðis tryggð. Unnið verði eftir viðurkenndum aðferðum við hæfniuppbyggingu sem nýtist í námi og leik, og til að efla andlega, félagslega og líkamlega heilsu. Einnig að gæði starfsins og öryggi þátttakenda sé í fyrirrúmi og að unnið verði gegn hvers kyns mismunun, einelti og ofbeldi. Mikilvægt er að starfsfólk, leiðbeinendur og þjálfarar hafi viðeigandi menntun og gott aðgengi að símenntun.

Með það að leiðarljósi er stefnan að koma á sérhæfðri þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk sem starfar í Félkó miðstöðinni með það að markmiði að þau upplifi sig öruggari og ánægðari í starfi.

Þá stefnum við að því að setja á fót tilraunaverkefni í tveimur félagsmiðstöðvum og frístundum með áherslu á aukið samstarf. Stofnaður verður vinnuhópur sem hefur það hlutverk að auka það samstarf, með áherslu á aukin gæði þjónustu og fagstarf í frístundabjónustu.

Samstarf við foreldra

Forstöðumaður á í góðum samskiptum við foreldra. Dagskráin í Kúlunni er send út mánaðarlega ásamt stökum póstum þegar það á við. Stefnan er sett á að senda út fréttabréf úr félagsmiðstöðinni einu sinni í mánuði. Einnig er mjög virkt samtal á milli Kúlunnar og foreldrafélags Kóraskóla.

Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir

Neyðaráætlun

Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og er hún sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni. Neyðaráætlun félagsmiðstöðvanna er að finna hér:

<S:\Félagsmiðstöðvar\Öryggismál\Neyðaráætlun - viðbragðsáætlun.docx>

Móttaka nýrra starfsmanna

Farið er yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefnin, starfsmannahandbókina og fleira. Hér er að finna upplýsingar um það sem þarf að hafa í huga við móttöku nýrra starfsmanna:

<S:\Félagsmiðstöðvar\Móttaka nýrra starfsmanna\ÁBYRGÐ STJÓRNENDA VIÐ MÓTTÖKU NÝRRA STARFSMANNA.docx>

Öryggisgátlisti

Farið er yfir gátlista í upphafi starfsársins með öllum starfsmönnum. Gátlistann er að finna hér: <S:\Félagsmiðstöðvar\Öryggismál\Gátlisti-öryggismál.docx>

Gátlistar í sértæku hópastarfi

Til eru nokkrir gátlistar sem hægt er að nýta sért í sértæku hópastarfi og eins sem gott er að fara yfir í upphafi starfsárs. Gátlisti er varðar hinsegin málefni væri góð nýjung í þennan annars góða gagnabanka. Hér er hægt að sjá hvar hægt er að finna eftirfarandi gátlista.

Gátlisti um einelti, <..\..\Sértækt hópastarf\Forvarnir gegn einelti\Gátlisti vegna eineltis.docx>. Gátlisti er varðar félagslega einangraða, <..\..\Sértækt hópastarf\Félagslega einangraðir\Gátlisti félagslega einangraðir..docx> og gátlisti er varðar móttöku nemenda með

annað móðurmál en íslensku. <..\..\Handbækur og gátlistar\gatlisti felagsmidstod móttaka nemenda m annað móður en ísl.pdf>. Gátlisti varðandi sértækt hópastarf <S:\Félagsmiðstöðvar\Handbækur og gátlistar\Gátlistar\Sértækt hópastarf - gátlisti.docx>.

Handbók um starfið

Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.

Rýmingaráætlun

Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaráæfingum í samstarfi við skóla og er með úthlutað hlutverk í þeim sé rýming á þeim tíma sem forstöðumaður eða aðrir starfsmenn Kúlunnar í húsi.

Ytra og innra mat

Ytra mat

Þjónustukannanir voru lagðar fyrir nemendur í 8.-10.bekk og foreldra þeirra. Bæði unglingar og foreldrar eru hvött til þess að svara þrátt fyrir að þau eða þeirra unglingar nýti sér ekki starf Kúlunnar. Meðal þess sem var kannað var almennt mat á starfinu, aðstöðu, þátttöku og líðan í starfinu o.flr. Með því að leggja fyrir þessa kannanir viljum við meta ánægju með starf félagsmiðstöðvanna ásamt því að fá hugmyndir að tækifærum til umbóta.

Niðurstöður viðhorfskannana

131 svar barst í könnunni sem lögð var fyrir unglingana eða um 50% nemenda Kóraskóla. Hæsta hlutfall svarenda voru í 8. Bekk eða 40%. 35% voru í 10. bekk og 25% í 9. bekk. 50% þeirra sem svöruðu höfðu aldrei komið eða fóru sjaldnar en einu sinni í mánuði í Kúluna. Fram kom í svörum þeirra sem nýttu sér ekki Kúluna að flestir hefðu ekki tíma, væru á æfingum eða einfaldlega nenntu ekki. Þeir sem komu í Kúluna komu hinsvegar til þess að hitta vini, hitta starfsfólkið eða vegna þess að þeim finnst skemmtilegt í Kúlunni. Svör unglinganna við því af hverju Kúlan væri mikilvæg þjónusta voru einnig fjölbreytt. Þar var t.d. nefnt að Kúlan væri góður staður til að hitta aðra unglinga, starfið væri mikilvægt fyrir krakka sem eiga ekki vini og „til þess að ná krökkum af götunum að gera crimes“. Í niðurstöðunum kom einnig fram að mikill meirihluti væri ánægður með starfsfólkið, aðbúnað, dagskrá og félagsmiðstöðina í heild.

Í könnuninni sem send var á foreldra bárust 88 svör. Þar voru aftur flestir foreldrar úr 8. bekk eða 41% en þó mátti ekki miklu muna þar sem 39% voru foreldrar barna í 9. bekk. 19% svarenda voru svo foreldrar unglinga í 10. bekk.

34% þeirra sem svöruðu áttu unglinga sem sóttu nær aldrei Kúluna og voru ástæður þess meðal annars tímaskortur, æfingaálag og áhugaleysi. Flestum fannst upplýsingaflæði frá Kúlunni gott en einhverjir töluðu um að fá meiri upplýsingar um hvað krakkarnir eru að gera í Kúlunni frekar en bara hvað sé á döfinni.

Á heildina litið voru foreldrarnir ánægð með starfið, aðstöðuna og starfsfólkið í Kúlunni

Innra mat

Stefnan í fyrra var að koma stöðugleika á Kúluna eftir flutninga og tilkomu nýrra stjórnenda. Það er okkar mat að það hafi tekist. Það var ekki bara rót á starfsemi félagsmiðstöðvarinnar heldur var Kóraskóli sjálfur í umbreytingaferli og finnum við það núna þegar allt er komið í fastar skorður að starfið gengur betur. Unglingarnir þekkja okkur og vita hvað við stöndum fyrir. Samstarfið með Kóraskóla gengur vel og við getum leitað til skólans og þau til okkar sé eitthvað sameiginlegt sem við getum unnið að. Það gekk ágætlega að ná núverandi 10. bekk inn í fyrra en það er vinna sem er ennþá í gangi.

Valáfangarnir sem við sáum um gengu ágætlega en við lærðum fullt af því enda bæði að sjá um svoleiðis í fyrsta skipti í Kóraskóla. Við sáum mikið rými til bætinga og stefnum á að gera enn betur í ár þó að vel hafi gengið í fyrra.

Við reyndum að hafa hinseginleikann sýnilegan í Kúlunni eins og við stefndum á (og gerum enn) en eigum ennþá eftir að ná trausti hinsegin unglinga í Kóraskóla. Við vitum af þeim en þau hafa ekki verið að leita mikið til okkar.

Í Velkomin starfinu gekk ekki alveg nógu vel hjá okkur að fá ÍSAT unglingana til þess að mæta og samstarfið við ÍSAT kennarann var upp og ofan. Með tilkomu nýs ÍSAT kennara og breyttum áherslum hjá okkur stefnum við á að ná fleirum inn.

Miðstigsstarfið gekk vel í fyrra og mikill vilji fyrir samstarfi í Hörðuvallaskóla en vegna verkefnafjölda forstöðumanns gekk það upp og ofan. Það er hægt að laga það og er sú vinna í gangi. Við stefnum á að bæta í miðstigið.

Árið í fyrra gekk í heildina mjög vel og við finnum að það er mjög fjölbreyttur hópur unglinga sem mætir til okkar í Kúluna sem við teljum vera merki þess að við séum að vinna gott starf.

Umbótaáætlun

- Senda út fréttabréf hálfsmánaðarlega þar sem farið er yfir hvað er búið að gerast í Kúlunni og hvað er á döfinni.
 - Ábyrgðaraðili – Sindri
- Fara í greiningu á unglingahópnum og sjá hvar við getum sótt á og reyna að lækka hlutfall þeir sem hafa aldrei komið í Kúluna.
 - Ábyrgðaraðili – Sindri og Ólöf
- Fá hærra svarhlutfall úr þjónustukönnunum á vorönn. Það verður gert í samráði við kennara og stjórnendur Kóraskóla. Koma inn á foreldrafundi og leggja könnunina fyrir þar.
 - Ábyrgðaraðili – Sindri
- Betra skipulag í þeim valáföngum sem Kúlan sér um. T.d. varðandi kennsluáætlanir, fjölda nemenda í valáföngum og rými til þess að sinna kennslu.
 - Ábyrgðaraðili – Sindri og Ólöf
- Betra og meira samtal við Hörðuvallaskóla í tengslum við miðstigsstarf. Við stefnum á að vera með opnanir bæði í Kúlunni og Hörðuvallaskóla fyrir miðstigið. Einnig mun Ólöf taka yfir samskipti við Hörðuvallaskóla í tengslum við miðstigið og sitja nemendaráðsfundi. Sindri kemur inn á nemendaverndarráðsfundi svo félagsmiðstöðin sé upplýst um það sem er í gangi á miðstiginu.
 - Ábyrgðaraðili – Sindri og Ólöf


Símenntunaráætlun

Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2024-2025

Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
21. ágúst Kl 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Nýliðafræðsla og kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.	Smáraskóli	Verkefnastjóri frístundadeildar og forstöðu-/aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva
23.ágúst Kl. 17.00-20.00	Velkomin til starfa! Hinsegin fræðsla	Hinsegin fræðsla og hópefli fyrir starfsmenn.	Gufunesbær	Verkefnastjóri frístundadeildar og Hrefna Þórarinsd. – forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvar
11.-12. september	Starfsdagar Samfés	Stjórnendur Félkó sækja þar fjölbreytta fyrirlestra og málstofur.	Varmaland	Samfés – Ýmsir fyrirlesarar.
14. október Kl. 17.00-19.00	Fokk me Fokk you og Samfélagslögreglan	Birtingarmynd ofbeldismenningar meðal barna&unglinga	Peba	Andrea Marel, Kári Sigurðsson og Unnar Þór Bjarnason
11.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkfærakistu-dagur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar. Lærum hvert af öðru, verklegt.		Forstöðumenn skipta með sér smiðjum
2.desember kl. 17.00-18.30	Spilavinir	Kynning á spilum sem henta vel í félagsmiðstöðvastarf	Fönix	Spilavinir
10.janúar kl. 17.00-19.00	Samfés-Con			Samfés
3. og 5.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Áslaug – verkefnastjóri Frístundadeildar
3.mars kl. 17.00-19.00	Verkfærakistu-dagur.	Kynningar á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og fl.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn
Mars	Fræðsluferð	Fókus á vettvangsstarf	Sundsvall Svíþjóð	
14.apríl	Sjúkást	Fræðsla frá Stígamótum fyrir alla starfsmenn		Stígamót

Fjöldatölur

Hér má sjá fjöldatölur fyrir starfsárið 2023-2024.



Starfsfólk Kúlunnar 2024-2025

- Sindri Ágústsson – Forstöðumaður
- Ólöf Helga Hilmarsdóttir - Aðstoðarforstöðukona
- Hrefna Lind Pálmadóttir – 50%
- Agnes Erla Blomsterberg – 39%
- Stefán Valþórsson – 39%
- Ellert Sigurðarson – 39%
- Tinna G. Jóhannsdóttir – 39%